Braga

Yfirlitssýning 33 ára að Kjarvalsstöðum

Af því tilefni birtir Lesbók nokkrar myndir Braga og sjálfur skrifar hann um þær. Um myndina á forsíðunni, sem heitir GRANADASTÚLKAN, segir hann:



Litla, frumstæða og ósnortna þorpið „Castel de Ferro“ liggur við suðurströnd Spánar, miðsvegar milli Malaga og Almeríu, en þar var ég staddur í maímánuði árið 1952. Í útjaðri þorpsins var brunnur og þangað sóttu staðarbúar vatn og báru í stórum könnum á mjöðm sér. Ég man ekki eftir því, að ég sæi nokkurn karlmann við þessa iðju, en allan liðlangan daginn var straumur af konum á öllum aldri að vatnsbólinu, fátæklegum til fara og næsta undantekningarlaust svartklæddum. Ég undraðist, hve léttilega konurnar báru hinar stóru könnur og að ekki sá neitt á vaxtarlagi þeirra þrátt fyrir áratuga vatnsburð — gangur þeirra með könnurnar var hægur og jafn, næstum silalegur. Mér þótti þetta mjög myndrænt og gerði fjölda frumrissa af þessum konum.

Á miðri leið til uppsprettunnar var einangrað hús upp í hlíðarslakka og umhverfis það traust rimlagirðing, auðsjáanlega bústaður fyrirfólks. Ég sat iðulega á steini nálægt brunninum, horfði á og teiknaði konurnar, sem stungu saman nefjum og brostu við hinum unga, forvitna manni og höfðu lúmskt gaman af athyglinni, einkum þær yngri. Út um hliðið fyrir framan dularfulla húsið kom stundum unglingsstúlka, er var betur og litríkar til fara en þorpskonurnar og vakti sérstaka athygli mína fyrir fagran limaburð. Hún virtist raunar skipta um klæðnað í hvert skipti, er hún sótti vatn í könnu sína, er ég sat við brunninn og teiknaði, líkast því sem hún vildi vekja á sér athygli. Eitt sinn, er hún hafði fyllt könnu sína og mjakaðist fram hjá mér, tók ég eftir því, að hún hafði snyrt sig sérstaklega, m.a. málað á sér varirnar og frá henni barst ferskur rósailmur. Þetta var allt svo undursamlega myndrænt, ljósblár kjóllinn, rauðar varirnar, fölroði á kinnum, kolsvart hárið, hin blökku blikandi augu, æskufegurð unglingsstúlkunnar samsamaðist sumardeginum og sólin skein á líkama hennar. Eitt augnablik fannst mér myndast eitthvert furðulegt samband milli mín, stúlkunnar og verundarinnar allt um kring og að ég væri undir áhrifum einhvers upphafins dulmagnaðs seiðs.

— Er ég gerði þessa tréristu í Ósló nokkrum mánuðum seinna, reyndi ég að ná fram samanlögðum áhrifum þessa augnabliks sérstaklega á eitt eintakið, en til þess varð ég að mála á plötuna, áður en ég þrykkti hana.

Það hendir enn þann dag í dag að um mig fari undarlegur, fjarrænn og seiðmagnaður straumur, er hugurinn leitar til baka og minnist við þetta atvik.

Lesbók Morgunblaðsins
38. tbl. 18. okt. 1980 — 55. árg.